



Morgunblaðið/Ásdís

Með kröfuspjöld á lofti Fjölmenni var við Ráðherrabústaðinn í Tjarnargötu þegar fulltrúar Geðhjálpar og Fjölmennar afhentu ráðherrum ríkisstjórnar ályktun frá baráttufundi Geðhjálpar sem fram fór sl. miðvikudag.

Ályktun Geðhjálpar afhent ráðherrum ríkisstjórnar

FJÖLMENNUR hópur frá Geðhjálp og Fjölmennir afhenti í gær ráðherrum ríkisstjórnarinnar ályktun frá baráttufundi Geðhjálpar, þar sem skorað var á ráðamenn að tryggja fjármagn til menntunarmála geðfatlaðra.

Í samtali við Svein Magnússon, framkvæmdastjóra Geðhjálpar, minnr hann á að samkomulagið sem gert var við Tómas Inga Olrich, þáverandi menntamálaráðherra, snemma árs 2003 um samstarfsverkefni Fjölmennar og Geðhjálpar varðandi menntun og starfsendurhæfingu geðfatlaðra væri enn í fullu gildi, enda hefði því ekki verið sagt upp. Segir Sveinn það hafa verið ljóst á sínum tíma að

verkefnið færi af stað sem tilraunaverkefni þar sem óljóst væri hver hin raunverulega þörf væri og hversu mikil aðsóknin í það yrði.

Hugsanleg aðkoma félagsmálaráðuneytis að málinu

Bendir Sveinn á að það mat hafi farið fram árið 2004 með stöðumatsskýrslu Ásgeirs Sigurgestssonar, sem gerð var að frumkvæði þriggja ráðuneyta, og hafi hún sýnt fram á að aðsóknin var mun meiri en ráð hafði verið fyrir gert. Bendir Sveinn á að fjárþörf upp á 24 milljónir á ári til að geta sinnt 100 manns byggist á fyrrgreindri matskýrslu.

Að sögn Sveins var skömmu fyr-

ir baráttufundinn sl. miðvikudag haft samband við hann frá félagsmálaráðuneytinu og honum tjáð að þar væri vilji til þess að leita leida til mögulegra lausna á málinu án þess að ákveðnu fjármagni væri lofað eða hugmyndin útfærð nánar.

„Enda þótt málið varði menntamálaráðuneytið er ábyrgð á mállefnum faltaðra í félagsmálaráðuneytinu og þar hef ég sett mállefni geðfatlaðra í forgang. Ég hef þegar kynnt uppbyggingu á vegum ráðuneytisins á stuðningi við þennan hóp og vil að þessi mál séu ávallt skoðuð í sambengi,“ sagði Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra er leitað var viðbragða hans í gær.